

Reglur um veðurathuganir, skýrslufærslu og skeytasendingar á úrkomustöðvum

REGLUR UM
VEÐURATHUGANIR, SKÝRSLUFÆRSLU OG SKEYTASENDINGAR
Á ÚRKOMUSTÖÐVUM

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Athugunartímar	7
2. Skráning athugana	7
3. Sending skýrslueyðublaða	7
4. Úrkomumælirinn	7
5. Tilkygningar um bilun mælitækja	8
6. Úrkoma / úrkomumæling	8
7. Úrkomutegund / veður	9
8. Snjóhula	12
9. Snjódýpt	12
10. Yfirlit um tíðarfar, skaða af völdum veðurs o. fl.	13
11. Símsvarinn og sending úrkomuathugana um síma	14
12. Færsla skýrslunnar – dæmi um skráningu	15
13. Snjóflóð, skriðuföll og hafís, eldgos og jarðskjálftar	18

Myndir:

1. Úrkomumælir	6
2. Mæliglas	6
3. Útfyllt tilkygning um snjóflóð	24
4. Útfyllt mánaðarskýrsla	25


INNGANGUR

Atvinnuvegir þjóðarinnar og lífsskilyrði öll eru í mjög ríkum mæli háð veðráttunni. Það er því einn höfuðtilgangur veðurathugana að afla sem gleggstra og nákvæmastra upplýsinga um veðurfar í landinu. Með veðurathugunum er safnað efni til vísindalegra rannsókna í veðurfræði. Athuganir, sem ekki eru sendar Veðurstofunni jafnharðan, koma að vísu ekki að beinum notum við samningu veðurspár, en stuðla engu að síður að aukinni þekkingu á breytileika veðurlags eftir landshlutum.



Annar aðaltilgangur veðurathugana er sá að afla nákvæmra upplýsinga, sem byggja má á veðurspár. Eins og kunnugt er eiga margir afkomu sína og stundum jafnvel líf undir því, að varað sé í tíma við óveðrum. Þá gera veðurathuganir kleift að svara fjölda fyrirspurna frá einstaklingum og opinberum aðilum um veður og veðurfar. Oft er t.d. leitað eftir upplýsingum um veður í sambandi við réttarrannsókn og málaferli.

Tækninni fleygir fram, fjarskipti verða auðveldari og símaþjónusta tekur stakkaskiptum. Svo er nú komið að mögulegt er að fá upplýsingar frá fleiri veðurathugunarmönnum en áður með aðstoð bættrar tækni og ódýrari símaþjónustu. Hlutverk veðurstöðva er einnig breytingum undirorpið. Flestar úrkomustöðvar landsins voru settar á laggirnar til að kortleggja mætti dreifingu úrkomunnar á landinu á nákvæmari hátt. Stöðvarnar hafa sinnt þessu hlutverki sínu með sóma. En á undanförnum árum hefur komið í ljós að stöðvarnar hafa einnig mikilvægu hlutverki að gegna í daglegri veðurþjónustu. Þær bæta mjög aðgengi að upplýsingum um snjóalög sem og aftakaúrkomu. Þessar upplýsingar eru oft á tíðum mjög mikilvæg viðbót við aðvaranakerfi vegna ofanflóða sem hefur verið í uppbyggingu á Veðurstofunni á undanförunum árum. Það hefur hins vegar sýnt sig að þegar til á að taka er mjög misauðvelt að ná sambandi við úrkomustöðvarnar í gegnum síma. Með hjálp nýrrar tækni tekst nú að bæta úr. Tæknin hefur þó ekki allt að segja því mælingar athugunarmanna eru þó að sjálfsögðu sá hornsteinn sem allt byggist á.

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar úrkomustöðvum sem senda daglegar upplýsingar um veður í gegnum sjálfvirkan símsvara á Veðurstofunni. Þessi símsvari er með svokölluðu „grænu“ númeri og þýðir það að sá sem hringir þarf ekki að greiða fyrir símtalið. Eftir að úrkomumælingu og athugun á úrkomutegund, snjódypt og snjólagi er lokið að morgni hringir veðurathugunarmaður í þennan símsvara og slær inn mælingar og athuganir gegnum lykllaborð takkasíma með aðstoð svarraddar.



Mynd 1. Úrkomumælir



Mynd 2. Úrkomumæliglas. Álestur 4,0 mm

1. Athugunartímar

Á úrkomustöðvum eru athuganir gerðar sem næst kl. 9 að morgni. Æskilegast er að sem minnst frávík verði frá þeirri reglu, en reiknað er með því að einstakar úrkomustöðvar geti eftir samkomulagi hnikað tímanum til innan tímabilsins frá 7:30 til 10:00 ef önnur vinna athugunarmanna krefst slíks eða vegna þess að bræða þarf snjó til að úrkomumæling geti farið fram.

2. Um skráningu athugana

Veðurathuganirnar skal skrá á þar til gerð eyðublöð, skýrt og greinilega með bleki. Ástæðan til, að ekki má skrifa með blýanti, er sú, að blýantsskrift máist með tímanum, en veðurskýrslur eru merkar heimildir og verða geymdar um langan aldur.

Skrifið allar tölur greinilega, svo að enginn vafi sé t.d. á því, hvort um er að ræða 3, 5 eða 8; 1, 7, 9 eða 4; 6 eða 0 o.s.frv.

3. Sending skýrslueyðublaða

Sendið úrkomuskýrslur og önnur skjöl (ef einhver eru) eins fljótt og við verður komið eftir mánaðamót. Umslög, sem Veðurstofan lætur í té, má setja ófrímerkt í póst.

4. Úrkomumælirinn / mæliglasið

Úrkomumælirinn (mynd 1) samanstendur af tveimur hólkum 30-40cm háum. Í neðri hólkinum (a) sem er lokaður að neðan er komið fyrir brúsa úr plasti. Botn efri hólksins (b) er trekt með litlu opi og rennur því úrkoman sem fellur í efri hólkin ofan í brúsann. Op efri hólksins er nákvæmlega 200cm² að flatarmáli.

Hólkarnir eru skorðaðir í járngrind sem fest er á staur (d) og er op efri hólksins venjulega í 1,5m hæð yfir jörðu. Á snjóþungum stöðum eru mælarnir þó hafðir hærra frá jörðu, allt að 2m.

Fylgjast þarf með að ekki sé bleyta í neðri hólk því hann getur tekið við þó nokkru vatnsmagni ef úrkomubrúsi fyllist í aftakarigningu.

Í miklum vindi skilar úrkoman sér illa ofan í efri hólkin og er því notuð vindhlíf (c) til að draga úr áhrifum vindsins. Hún er fest við grindina sem hólkarnir eru skorðaðir í.

Úrkomumagnið er mælt í sérstöku mæliglasi úr plasti eða gleri (mynd 2). Kvarði glassins er þannig að á honum má lesa dýpt þess vatns (í mm og 1/10 mm) sem úrkoma myndi valda á láréttri jörð ef ekkert sigi niður, rynni burt eða gufaði upp. Við álestur er glasið látið standa á láréttum fleti. Vegna viðloðunar vatnsins við glasið verður yfirborð vatnsins svolítið íhvolft og skal álesturinn miðast við lægstu stöðu yfirborðsins.

Mæliglasinu þarf að halda hreinu og geyma skal það á öruggum stað milli athugana. Nauðsynlegt er að þvo mæliglasið reglulega svo auðvelt sé að sjá lægstu tölurnar gegnum

glasið. Ekki má geyma glasið í glugga eða þar sem sólarljós getur skinið á það því sólarljósið getur gert mæliglasið matt og ógegnsætt.

Varðandi uppsetningu og viðhald úrkomumælisins skal þess gætt að op efri hólksins haldist hringlaga og lárétt og mælirinn sé vandlega festur og haggist hvergi. Verja þarf hann fyrir ágangi af mönnum og skepnum. Ef reistar eru byggingar í grennd við úrkomumælinn eða aðrar breytingar gerðar sem kunna að hafa áhrif á mælinguna er nauðsynlegt að skýra Veðurstofunni frá því. Mishæðir í grennd við mælinn mega ekki vera hærri en sem svarar fjórðungi fjarlægðar þeirra frá mælinum ef þær eiga ekki að trufla mælinguna. Þess skal vel gætt að brúsar og neðri hólkur séu algerlega vatnsheld.

5. Tilkynningar um bilun mælitækja

Ef mælitæki bilar, úrkomumæliglas brotnar, úrkomumælir skekkist eða plastflaska rifnar o.s.frv. skal tilkynna það Veðurstofunni símleiðis sama dag.

Athugunarmanni er heimilt að senda reikning fyrir viðhaldi og viðgerðum, sem hann hefur annast á mælitækjum eða fengið aðra til að inna af hendi. Slíkir reikningar verða greiddir með næstu launagreiðslu ef annars er ekki sérstaklega óskað.

6. Úrkoma / úrkomumæling

Úrkomu skal mæla dag hvern kl. 9 að morgni **og skrá þann dag, sem hún er mæld.**

Ekki má láta undir höfuð leggjast að aðgæta hvort vatn sé í mælinum hvern dag, jafnvel þótt athugunarmaður telji víst, að ekkert hafi rignt. Sé vatn í mælinum er því hella í mæliglasið og er hægt að gera það úti eða inni eftir vild.

Sé snjór eða ís í mælinum, er efra hylkið og brúsinn tekinn inn og snjórinn bræddur, en jafnskjótt er sett út annað hylki og brúsi. Um leið og snjórinn er þíddur, er hella í mæliglasið og lesið á það. Setjið ekki snjóinn eða ísinn, sem bræða skal, of nærri ofni eða hitunartæki, þó að gott sé að þiðnunin taki sem stýstan tíma. Látið ekki vatnið hitna eftir að ísinn er bræddur, heldur mælið það strax svo að ekkert gufi upp. Gætið þess að missa ekki dropa niður þegar hella er í mæliglasið og skiljið ekkert eftir. Drjúgur dropi getur orðið eftir í brúsanum ef hirðuleysislega er hella úr honum.

Ef vatnið kemst ekki allt í glasið í einu verður að mæla tvisvar eða oftár og leggja tölurnar saman. Hellið þó engu niður heldur tæmið jafnóðum í sérstakt ílát svo að unnt sé að endurtaka mælinguna. **Hafi alls engin úrkoma fallið skal setja töluna 9998 í dálkinn „Úrkomumagn“ en 00 ef úrkomu hefur orðið vart en enginn dropi fengist úr úrkomubrúsa.**

Sé snjór eða ís í mælinum verður hann að bráðna áður en mælt er. Taka verður báða hólka mælisins inn auk brúsans hafi snjór sest innan á neðri hólkin. Aðrir eru settir í staðinn. Hægt er að bræða snjó og ís á þrennan hátt (varist mjög heitt vatn):

- Hólkarnir með brúsanum settir ofan í volgt vatn og hafðir þar þar til snjórinn er bráðnaður. Leggið lok eða spjald ofan á op efri hólks til að draga úr uppgufun.

- Leggið klút vættan í volgu vatni utan um hólkana og brúsann til að flýta bráðnun. Leggið lok eða spjald ofan á op til að draga úr uppgufun. Ekki má láta vatn renna á hólkinn
- Hægt er að hella volgu vatni ofan í hólk/brúsa til að flýta bráðnun. Vatnsmagnið verður að mæla nákvæmlega áður í mæliglasinu. Þegar snjórinn er bráðnaður er mælt á venjulegan hátt. Það magn af volgu vatni sem bætt var ið, er síðan dregið frá heildartölunni. Þetta er fljótlegasta aðferðin, en jafnframt sú vandasamasta.

Þegar snjóar í hvassviðri er hætt við að úrkoman mælist mjög laklega. Athugunarmenn eru beðnir að skrá í athugasemdir ef þeim virðist úrkoman hafa verið meiri en mælingin gefur til kynna.

Einnig væri gott ef þeir reyndu að mæla raunverulega úrkomu með því að hvolfva efri hluta úrkomumælisins í snjóinn og bræða þann sívalning af nýsnævi sem mælisopið afmarkar. Ekki má skrá þess háttar mælingu í úrkomudálginn í veðurbókinni heldur í athugasemdadálg. Mælinguna þarf að gera á stað, þar sem snjór er nokkurn veginn jafnfallinn.

Álestur

Mæliglasið er látið standa á láréttum fleti, og móti ljósi. Fyrst er augað haft svo lágt að vatnsborðið sést að neðan eins og silfur hvítur speglandi flötur sem hverfur um leið og augað er hækkað svo að það verði jafnhátt vatnsborðinu. Sést þá vatnsborðið eins og dökkleit bein rák og er lesið af við **neðri brún** hennar. Það af rákinni sem ofar er stafar af því að vatnið dregst upp með glerinu vegna viðloðunar.

Dögg eða héla getur sest á mælinn að innan þótt úrkomulaust sé. Ennfremur getur komið fyrir að snjó skafi í mælinn. Mæla skal og skrá vatnið sem úr mælinum kemur þótt svona standi á en geta þess í athugasemdum ef athugunarmaður telur að ekki sé um raunverulega úrkomu að ræða.

Ath. Ef athugunarmanni virðist að úrkomumælirinn hafi verið settur á óheppilegan stað er hann beðinn að láta Veðurstofuna vita.

7. Úrkomutegund / veður

Á skýrslueyðublaðinu er sérstakur dálkur þar sem tilfæra á tegund úrkomu og/eða veður og nota til þess eftirtaldar tölur:

0	Slydda
3	Skafrenningur eða moldrok
4	Þoka
5	Úði (súld)
6	Rigning
7	Snjókoma
8	Hagl
9	Þrumur eða leiftur

Nota má fleiri en eina tölu hverju sinni, allt að þrjár þegar tilefni er til. Ef úrkoma hefur mælst þarf alltaf að tilgreina tegund hennar. Ef fleiri en 3 tegundir veðurs hafa komið fyrir á næstliðnum sólarhring skal þrumuveður hafa forgang á allt annað, en síðan í forgangsröð, snjócoma, rigning og slydda. Skafrennings, þoku, úða eða hagls skal því ekki getið ef forgangstölur fylla alla dálkana þrjá. Þoka er aðeins skráð hafi skyggni farið niður fyrir 1 km einhvern tíma á næstliðnum sólarhring.

Hér fer á eftir nánari lýsing á nokkrum veðurfyrirbærum. Lykiltölur eru í sviga við nöfn fyrirbrigðanna.

Skafrenningur (3). Snjór þyrlast upp af vindi oft svo að verulega dregur úr skyggni. Ýmist er skafrenningur aðeins niðri við jörð eða hann nær svo hátt að skyggnið upp á við minnkar að ráði.

Moldrok eða sandfok (3). Mold eða sandur þyrlast upp svo verulega dregur úr skyggni.

Þoka (4). Sveimur af örsmáum, nær ósýnilegum vatnsdropum, er dregur svo úr skyggni að það verður minna en 1 km. Í þoku er loftið yfirleitt mjög rakt og hráslagalegt (rakastig oftast nálægt 100%) og við nána athugun sjást jafnvel droparnir svífa fyrir augum manns. Þokan er venjulega ljósleit, gráhvít en getur orðið gulleit eða dökkgrá ef hún blandast reyk eða mistri. Fyrir getur komið að sveimur af örsmáum ískristöllum valdi þoku (skyggni minna en 1 km), og er hún nefnd ísaþoka. Ef ísing fylgir þoku, er hún kölluð hrímþoka (4).

Frostreykur kallast þoka sem myndast þegar kalt loft streymir yfir tiltölulega hlýtt haf eða vatn. Þegar frostreykur myndast er að sjá sem rjúki af vatninu. Sé skyggni í frostreyk minna en 1 km á veðurstöðinni telst hann vera **þoka (4)**.

- ✓ **Þokumóða** er svipuð þoku að öðru leyti en því að skyggnið er 1 km eða meira og droparnir ekki eins þéttir eða stórir, enda alveg ósýnilegir með berum augum. Loftrakin er venjulega minni en í þoku svo að loftið er ekki eins svækjulegt. Þokumóðan er ávallt gráleit. **Þokumóða er ekki skráð í úrkomuskeyti en má gjarnan geta í athugasemdum**, en munið þá að geta dagsetningar.
- ✓ **Mistur.** Þurrar og örsmáar rykagnir ósýnilegar hver fyrir sig, en draga þó úr skyggninu, sveipa landið hulu og deyfa litbrigði þess. Mistrið er bláleitt sé móti dökkum bakgrunni (fjallablámi) en gulleitt ef það ber við björt ský, jökla eða sólina. Þetta er greinilegasti munurinn á mistri og þokumóðu. **Mistur er ekki skráð í úrkomuskeyti en má gjarnan geta í athugasemdum**, munið þá dagsetningu.

Úði (súld) (5). Droparnir eru af jafnri stærð, minni en 0,5 mm að þvermáli og virðast svífa í loftinu. Úðinn kemur úr lágum og fremur samfelldum þokuskýjum. Úrkoman getur orðið allt að því 1 mm á klst einkum til fjalla eða nálægt ströndinni. Úði sem myndar ísingu er kallaður **frostúði (5)**. Getið um frostúða í athugasemdum á baki eyðublaðsins. Gleymið ekki dagsetningu.

Rigning (6). Oft er erfitt að greina milli rigningar og úða en takmörkin eru talin þau að flestir dropanna séu um hálfur mm að þvermáli. Séu droparnir stærri telst úrkoman rigning annars úði. Rigning getur verið ýmist samfelld eða með uppstyttum. Skúraveður (úrkoma í vatnsformi) hefur einnig lykiltöluna **6**, en skúr kallast rigning sem fellur úr skúraskýjum. Hún byrjar og endar oft mjög snögglega og úrkomumagnið tekur snöggum breytingum. Rigning

sem myndar ísingu er kölluð **frostrigning (6)**. Getið um frostrigningu í athugasemdum á baki eyðublaðsins. Gleymið ekki dagsetningu.

Slydda (0) kallast úrkoman þegar regn og snjór fellur samtímis. Slydda kallast það einnig þegar úrkoman er bráðnandi snjór. Slydduél hefur einnig lykiltöluna **0**.

Snjókoma (7). Snjóstjörnur eru yfirleitt sexstrendar eða sexgreindar stundum margar saman í stórum flygsum einkum í vægu frosti. Snjókoma getur ýmist verið samfelld eða með uppstyttnum. Snjóél hefur einnig lykiltöluna **7**, en él kallast snjókoma sem fellur úr skúraskýjum. Hún byrjar og endar oft snöglega og tekur snöggum styrkleikabreytingum.

- ✓ **Kornsnjór (7)** er gerður úr hvítum og ógagnsærjum kornum og líkist snæhagli en er mun smágerðari og oft samansettur úr aflöngum eða flötum kornum, yfirleitt minni en 1 mm í þvermál (á stærð við sagógrjón) og falla þau því svo hægt að þau hoppa ekki verulega þótt þau mæti hörðu í fallinu. Venjulega fellur mjög lítið magn af kornsnjó og aldrei úr skúraskýjum heldur yfirleitt úr þokuskýjum.
- ✓ **Ískorn (7)** eru gegnsæjar eða hálfgegnsæjar, hnöttóttar eða óreglulegar ískúlur 1–4 mm í þvermál (á stærð við sagógrjón eða jafnvel krækiber) og hoppa upp ef þau mæta hörðu í fallinu. Þau myndast þegar rigning fellur gegnum kalt loftlag og frýs áður en hún nær til jarðar.
- ✓ **Skúra- eða éljaveður (skúrir (6), snjóél (7), slydduél (0))** er úrkomuveður nefnt þegar uppstytta, ein eða fleiri, hefur orðið á síðustu klukkustund og um leið hefur birt verulega í lofti stundum svo að sést í heiðan himin. Úrkoman byrjar og endar oftast snögglega og úrkomumagnið tekur snöggum breytingum. Þessar snöggu breytingar skilja á milli skúraúrkomu og annarrar úrkomu með uppstyttnum.

Hagl (snjóhagl) (8). Hvít ógagnsæ högl, hnöttótt, stöku sinnum keilulaga, um 2–5 mm að þvermáli (á stærð við krækiber). Venjulega er hvert þeirra myndað utan um snæhagl sem kjarna, þakið af þunnri skel úr ís. Þau eru því gljáandi að útliti, allhörð viðkomu og kremjast ekki auðveldlega, hoppa yfirleitt ekki upp eða springa þótt þau mæti hörðu í fallinu. Haglið er vott af því að það fellur venjulega í frostlausu veðri, oft með rigningu. Hagl kemur yfirleitt úr skúraflókum. Ískúlur eða högl stærri en 5 mm að þvermáli kallast **íshögl (8)**. Íshagl er mjög sjaldgæft hérlendis en hefur þó komið fyrir í miklum þrumuveðrum að sumarlagi. Getið sérstaklega um íshagl í athugasemdum. Gleymið ekki dagsetningum.

Þrumur og eldingar (9) eru ávallt samfara en þó getur verið að ekki verði vart nema við annað fyrirbærið í sama skipti einkum ef þrumuveðrið er fjarlægt. Eldingar eru kallaðar **leiftur (9)** eða **rosaljós (9)** ef ekki heyrast neinar þrumur á eftir.

8. Snjóhula

Á skýrslueyðublöðunum er sérstakur dálkur fyrir snjóhulu í byggð og á fjöllum og skal skrá í þann dálk á hverjum degi kl. 9. Tölurnar 0, 2 og 4 eru notaðar um **snjóhulu í byggð**, þannig:

- 0 Alutt
- 2 Flekkótt jörð
- 4 Alsnjóa

Heimilt er einnig að nota tölurnar 1 og 3 fyrir snjóhulu í byggð telji athugunarmaður unnt að lýsa snjóhulu í fjórðungum.

Eingöngu skal miðað við snjóhulu í minna en eins kílómetra fjarlægð frá stöðinni og ekki tekið tillit til þess lands sem liggur meira en 50 metrum hærra eða lægra en stöðin.

Jörð er talin alsnjóa þótt nokkrir hnjótar eða smárindar séu upp úr ef annars er töluverður eða mikill snjór. Alutt er talið þótt einstöku skaflar eða svell séu eftir í djúpum lautum ef annars er alutt. Ekki skal heldur taka til greina ís á ám eða vötnum. Það er og regla að telja jörð alhvíta þótt snjólagið sé svo þunnt að aðeins sé grátt í rót en grös standi flest upp úr snjónum. Hins vegar skal telja jörð alauða þótt hún sé héluð.

Snjóhula á hálendi er athuguð í 550–650 m hæð yfir sjó á sama tíma og snjóhula í byggð. Sé þess ekki kostur að tilgreina snjóhulu í þessari hæð, skal athugunarmaður skrá í athugasemdir við hvaða svæði og hæð yfir sjó hann miðar. Um snjóhulu á hálendi eru notaðar tölurnar 5–9, þannig:

- 5 Alutt
- 7 Flekkótt jörð
- 9 Alsnjóa

Heimilt er einnig að nota tölurnar 6 og 8 fyrir snjóhulu í byggð telji athugunarmaður unnt að lýsa snjóhulu í fjórðungum.

Þegar ekki sér til fjalla metur athugunarmaður hvort veður hafi verið með þeim hætti síðan síðast sá til fjalla að líklegt megi teljast að snjóhula sé óbreytt. Er þá sama snjóhula send áfram. Ef veður hafa verið með þeim hætti að athugunarmaður treystir sér alls ekki til að meta líklega snjóhulu fyllir hann ekki í dálkinn.

9. Snjódýpt

Snjódýptina á að mæla, þar sem snjórinn liggur venjulega jafnt, en safnast ekki í skafla eða skefur burt. Er oft erfitt að finna slíkan stað og þarf til þess góða þekkingu á staðháttum. Ef þetta tekst, má setja upp mælikvarða, snjódýptarstöng, sem mörkuð er með sentímetra millibili.

Þar sem hvassviðrasamt er eins og víðast er hér á landi, er nauðsynlegt að hafa lausa snjóstiku sem er stungið niður á að minnsta kosti 5 til 10 stöðum og mæla snjódýptina. Skal meðaltal þessara mælinga skráð og send sem sjódýpt.

Jafnvel þótt enginn nýr snjór hafi fallið og gamli snjórinn hafi ekki þiðnað geta orðið breytingar á snjódýpt frá degi til dags. T.d. sígur snjórinn venjulega saman og nokkuð af honum gufar upp. Er því áriðandi að mæla á hverjum degi meðan alhvítt er.

10. Yfirlit um tíðarfar, skaða af völdum veðurs o. fl.

Ætlast til að skráð sé stutt yfirlit um tíðarfar í mánuðinum gróður og uppskeru á bakhlíð eyðublaðsins. Geta skal um skaða af völdum veðurs ef einhverjir verða, vatnavexti, skriðuföll, snjóflóð og hafís. Lýsa skal nánar jarðskjálftum og öðrum náttúrufyrirbrigðum, sem skráð kunna að vera í athugasemdadálk. Tvö dæmi um greinargóð yfirlit:

1. „Fyrstu 9 daga mánaðarins var þurrkur og hagstætt heyskaparveður. Síðan hefur verið þurrklaust að mestu, en ekki stórgerð rigning. Þ. 27. og 28. var ágætur þurrkur og var þá víðast náð öllum heyjum inn. Annars hefur tíðin í sumar ekki verið hagstæð fyrir heyöflun hér, þótt ekki hafi verið stórgerðar rigningar né stormar. Hey hafa ekki hrakist, en lengi verið að þurrka þau. Grasvöxtur hefur verið ágætur á tünnum, en misjafn á stargresi. Flestir eru nú langt komnir með heyskap og sumir alveg hættir. Heyskapur er yfirleitt góður hér. Sprettu í görðum lítur út fyrir að verði góð, ekki síðri en í fyrra”.
2. „Tíðarfar óvenjulega stillt og þurrt, og ómuna snjólétt. Marauð jörð og þíð til þess 12. Eftir það frost og stillur, hreinviðri löngum, með allhörðu frosti á stundum, en aldrei hríð. Ágætur hagi allan mánuðinn“.

Í þessum skýrslum er ekki getið um gæftir og sjósókn, en mjög er æskilegt að það sé gert þar sem tók eru á.

Gróður og farfuglar

Þeir athugunarmenn sem hafa tók á ættu að geta um komu- og fardaga algengra farfugla (duggönd, grágæs, heiðlóa, hrossagaukur, kjói, kría, lóupræll, maríuerla, óðinshani, rauðhöfðaönd, sandlóa, skógarpröstur, smyrill, spói, steindepill, stelkur, urtönd, þúfutittlingur). Einnig skal getið um blómgun jurta, helst á óræktuðu landi (blágresi, blóðberg, brennisóley, engjarós, gleymmérei, gullmura, gulmaðra, haugarfi, hófsóley, holtasóley, hrafnaklukka, hvítmaðra, hvítsmári, kornsúra, lambagras, ljósberi, túnsúra, vetrarblóm); laufgun og lauffall birkis, fjalldrapa, reynis og víðis; þroskun krækiberja, bláberja, hrútaberja, reyniberja, lúsamuðlinga og villtra jarðarberja.

11. Símsvarinn og sending úrkomuathugana

Inngangur

Kerfið byggist á sjálfvirkum símsvari á Veðurstofunni. Þessi símsvari er með svokölluðu „grænu“ númeri (800 5775) og þýðir það að sá sem hringir þarf ekki að greiða fyrir símtalið. Eftir að úrkomumælingu og athugun á úrkomutegund, snjódýpt og snjólagi er lokið að morgni hringir veðurathugunarmaður í þennan símsvara og slær inn mælingar og athuganir gegnum takkasíma með aðstoð raddar símsvarans. Auk talnanna á símanum eru takkarnir,“*“ (stjarna) og „#“ (ferningur) notaðir við innsláttinn. Ýtt er á # við dálkaskil, en * (stjarnan) er notuð til að „bakka“ ef þörf er á. Eftir að innslætti er lokið er innihald staðfest með því að ýta á töluna „1“ og hefur skeytið þar með verið skráð á Veðurstofunni.

Leiðin inn í kerfið

Hringt er á hefðbundinn hátt í „grænt“ númer

800 5775

Símsvarinn svarar með þremur tónum. Eftir að tónarnir hafa heyrst er lykilnúmer slegið inn og að því loknu ýtt á #. Lykilnúmerið er **56**.

56#

Símsvarinn svarar nú: *„Velkomin í skráningarkerfi Veðurstofunnar. Sláðu inn einkennisnúmer þitt“.*

Hér er verið að biðja um þriggja stafa stöðvarnúmer. Hver veðurstöð hefur sitt sérstaka númer og er það slegið inn. Síðan er ýtt á #.

nnn#

Skráning athugana

Símsvarinn svarar nú: *„Góðan daginn.... Þú getur hafið innslátt. Ljúka skal hverjum innslætti með því að ýta á ferninginn.“*

Úrkomumagn?

Úrkomumagn (2-4) stafir slegið inn og síðan ýtt á ferninginn #

Úrkomutegund?

Úrkomutegund (0 – 3 stafir) og #

Snjódýpt?

Snjódýpt (0 – 3 stafir) og #

Byggð?

Snjóhula í byggð (1 stafur) og #

Fjöll?

Snjóhula á fjöllum (1 stafur) og #

Símsvarinn svarar: „Sláðu á 1 til að staðfesta að rétt sé skráð”.

1

Gögnin hafa verið skráð, takk fyrir.

Ekki skal slá inn # á eftir tölunni 1.

Ólögleg gildi

Ef rangt stöðvarnúmer er slegið inn biður símsvarinn um endurtekningu. Fyrir getur komið að menn lendi inn á annarri stöð en eigin og á þá að leggja á og hringja aftur.

Símsvarinn kvartar undan mjög óeðlilegum gildum. T.d. eru tölurnar 0-4 ekki leyfðar í snjóhulu í fjöllum. Sláið þá inn rétt gildi. Stundum kann að reynast erfitt að meta snjóhulu í fjöllum vegna slæms skyggnis eða myrkurs. Þá er í lagi að ýta strax á ferninginn.

Villur

Einkum er hægt að bregðast við villum á þrjá vegu:

- leggja á og hringja aftur
- bakka í innsláttarröðinni með því að ýta á *. Þá bakkar símsvarinn um eina spurningu. Hægt er að bakka alveg til upphafsins á þennan hátt og endurtaka innslátt.
- Þó skeyti hafi verið sent og að þrátt fyrir að athugunarmaður hafi staðfest það, getur hann samt hringt aftur ef hann telur að villa hafi farið með í fyrstu hringingu. Þó verður slík endursending að gerast fyrir **kl. 17** sama dag.

12. Færsla skýrslunnar – dæmi um skráningu

Það sem hér fer á eftir er nánast samhljóða leiðbeiningum á eyðublaðinu. Mynd 3 sýnir útfyllt eyðublað.

Úrkomumagn

Úrkoma er undantekningarlaust skráð á þann dag sem úrkoman er mæld þótt hún hafi ef til vill að hluta eða öllu leyti fallið daginn áður. Aukastafur er settur í aftasta dálk svæðisins (skyggða svæðið).

Úrkomumagn er skráð í tíunduhlutum mm. dæmi:

0,1 mm	er skráður sem	01
0,5 mm	eru skráðir sem	05

1,0 mm	er skráður sem	10
5,0 mm	eru skráðir sem	50
17,6 mm	eru skráðir sem	176
123,4 mm	eru skráðir sem	1234

Ef úrkomu hefur orðið vart, en ekkert vatn er í úrkomubrúsa á að skrá **00**. Ef a.m.k. einn dropi kemur úr brúsanum, þó úrkomumagnið nái ekki 0,1mm skal skrá **01**.

Ef úrkomu hefur ekki orðið vart og úrkomubrúsi er tómur er talan **9998** skráð í úrkomumagn

Ef úrkoma hefur ekki verið mæld er talan **9999** skráð í úrkomumagn

Innsláttur úrkomumagns endar á #

Úrkomutegund/veður

Úrkomutegund á ætíð við tímabilið frá síðustu mælingu. Hægt er að skrá allt að 3 tegundir úrkomu og veðurs næstliðins sólarhrings í eina færslu. Oftast er tegundin aðeins ein. Ef hvorki hefur verið úrkoma, skafrenningur, þoka né þrumur er svæðið autt (# sleginn inn á símaborð). Til að lýsa úrkomutegund eða veðri er valið milli eftirtalinna talna:

0	slydda
3	skafrenningur
4	þoka
5	úði
6	rigning
7	snjókoma
8	hagl
9	þrumur, leiftur eða rosaljós

Ef fleiri en 3 tegundir veðurs hafa komið fyrir frá síðasta athugunartíma skal þrumuveður hafa forgang á allt annað, en síðan í forgangs röð, snjókoma, rigning og slydda. Skafrennings, þoku, úða eða hagls skal því ekki getið ef forgangstölurnar fylla alla dálkana þrjá. Þoka er aðeins skráð hafi skyggni farið niður fyrir 1 km einhvern tíma á tímabilinu.

Snjódýpt

Snjódýpt mælist alla daga sem alhvítt er. Snjódýpt er ætíð tilgreind í heilum cm. Þegar jörð er flekkótt eða auð og snjódýpt því ekki mæld skal skrá og senda töluna **0** í snjódýpt.

Snjóhula

Snjóhula færast í dálkana B (byggð) og F (fjöll um 600m yfir sjó)

Byggð	Fjöll
0 alautt	5 alautt
2 flekkótt jörð	7 flekkótt
4 alhvítt	9 alhvítt

Heimilt er að nota tölurnar 1 og 3 fyrir snjóhula í byggð og 6 og 8 í fjöllum telji athugunarmaður unnt að lýsa snjóhula í fjórðungum.

Setja skal kross (x) í dálkinn SK ef athugun var send um símsvarann.

Aðrar athuganir og athugasemdir

Hér skal lýsa tíðarfari mánaðarins í stuttu máli, gróðri og uppskeru, slysum eða skemmdum af völdum veðurs í nágrenninu. Ennfremur hafís, jarðskjálftum og öðrum fátíðum náttúrufyrirbrigðum eftir því sem við á. Notið formið á baksíðu blaðsins ef rými þrýtur.

Vinsamlega sendið mánaðarskýrsluna til Veðurstofunnar við fyrsta tækifæri eftir mánaðamót. Athuganir skal gera sem næst kl. 9 að íslenskum staðaltíma.

Ætíð hefur verið ætlast til þess að úrkomumæling sé gerð að morgni, sem næst klukkan 9. Þetta mun ekki breytast, en eins og áður verður að gera ráð fyrir nokkrum sveigjanleika. Sumum athugunarmönnum hentar að gera athugunina um áttaleytið og öðrum e.t.v. ekki fyrr en á tíunda tímanum. Ekki verður amast við minniháttar afbrigðum af þessu tagi séu þau regluleg. Þegar hringt er í símsvarann skráir hann jafnharðan hvenær það er gert. Í upphafi verða ekki nema fjórar innhringilínur á símsvaranúmerinu, þ.e.a.s. að það getur ekki sinnt nema fjórum stöðvum samtímis. Eftir því sem fleiri stöðvar taka þessa tækni í notkun þarf að fjölga línunum.

Breytingar frá eldra eyðublaði

Athuganirnar sjálfar breytast ekki að öðru leyti en því að nauðsynlegt var að taka upp talnagildi í stað bókstafa í úrkomutegund og að ákveðnar lykiltölur eru notaðar ef úrkomulaust hefur verið með öllu og ef úrkoma hefur ekki verið athuguð. Á eldri blöðum átti að setja þoku og þrumur á þann dag sem úrkoman féll, en nú á alltaf miðað við tímann frá síðustu mælingu. Kerfið tekur aðeins við athugunum þann dag sem þær eru gerðar, en ekki athugunum fyrri daga. Farist sending af einhverjum ástæðum fyrir vantar daginn einfaldlega þar til hefðbundin mánaðarskýrsla berst Veðurstofunni.

Mjög mikilvægt er að mánaðaskýrslurnar séu fylltar út á hefðbundinn hátt. Þær eru frumheimild um athugunina. MJög brýnt er að menn venji sig ekki á að senda skeyti án þess að hafa skráð athugunina í mánaðarskýrsluna.

13. Snjóflóð, skriðuföll og hafís, eldgos og jarðskjálftar

Það eru vinsamleg tilmæli Veðurstofunnar til allra veðurathugunarmanna að þeir bregði jafnan fljótt við, er þeir verða varir við snjóflóð, hafís, eldgos eða jarðskjálfta, og sendi Veðurstofunni tilkynningu um það símleiðis. En hvort sem tilkynning er símuð eða ekki skulu athugunarmenn jafnan gæta þess vandlega að geta sem rækilegast um þessi fyrirbrigði í veðurskýrslum sínum.

Skulu hér talin helstu atriði, sem ber að veita athygli og tilkynna símleiðis eða skrá um **snjóflóð, skriðuföll, hafís, jarðskjálfta og eldgos.**

Leiðbeiningar varðandi útfyllingu á eyðublaðinu „Tilkynningu um snjóflóð“

Mynd 4 sýnir dæmi um útfyllt eyðublað. Veðurstofunni er mikið í mun að fá vitneskju um sem flest snjóflóð sem falla, sérstaklega snjóflóð sem falla nærri byggð eða nærri fólki á ferð. Umrætt eyðublað er sérstaklega fyrir veðurathugunarfólk, til að skrá niður helstu kennistærðir snjóflóða á einfaldan hátt og koma þeim til Veðurstofunnar, þar sem síðan er metið hvort rétt sé að skoða viðkomandi flóð nánar.

Eyðublaðið er einfalt í útfyllingu og miðast við að þar komi fram upplýsingar um staðsetningu flóðsins, tímasetningu, tjón af þess völdum og gróft stærðarmat. Athygli er vakin á því að ekki þarf að fylla út í allar línurnar, heldur einungis geta þess sem þekkt er. Ef upplýsingar eru af skornum skammti má það ekki verða til þess að ekki sé látið vita um flóðið.

Ef aðstoðar er óskað við útfyllingu eyðublaðsins, eða ef upp koma spurningar, má fá nánari upplýsingar og aðstoð hjá starfsmönnum á Snjóflóðavörnum Veðurstofunnar.

Staðsetningu snjóflóðsins er mikilvægt að skrá þannig að ókunnugur maður geti áttað sig á henni með aðstoð landakorts. Einfalt er að gera það með því að nefna fyrst sýsluna, þá hreppinn, síðan fjallið og loks hvar í fjallinu flóðið féll. Ef um er að ræða afmarkað gil er hægt að nefna það, en einnig er hægt að nota viðmiðanir frá örnefnum og mannvirkjum, t.d. „Í hlíðinni beint upp af bænum Hóli“.

Ef mörg lítil flóð falla samtímis eða á svipuðum tíma, má geta þeirra allra á einu eyðublaði. Skal slíkt koma fram annaðhvort undir liðnum „Staðsetning snjóflóðsins“ eða „Hvar stöðvaðist flóðið?“

Tímasetningu snjóflóðsins skal skrá eins nákvæmlega og þekkt er, en reynslan segir okkur að oft er erfitt að skrá hana af mikilli nákvæmni (flóð sjást oft ekki fyrr en styttir upp eftir nokkurra daga áhlaup). Í slíkum tilfellum má skrá þá daga sem til greina koma, svo sem: „22. til 24. október“ eða „22-24 / 10“. Það sama gildir um klukkuna - oft er einungis hægt að skrá t.d. : „aðfararnótt“ eða einhvern ámóta óljósan tíma.

Geta skal þess hvort einhver hafi lent í flóðinu, jafnvel þó hann hafi ekki borist neitt með því, grafist eða slasast.

Ef flóðið fellur nærri byggð er mikilvægt að skrá sem nákvæmast **hvar það stöðvaðist**, og þá er gott að nota viðmiðanir við mannvirki, t.d. „Flóðið stöðvaðist 150 m ofan við fjárhúsin“ eða

„Flóðið stöðvaðist á móts við fjárhúsin, en var um 100 metrum innar í hlíðinni“. Ef flóð fellur fjarri byggð má nota önnur viðmið, eins og „Flóðið átti eftir 50 metra niður í Laxá“ eða „Flóðið stöðvaðist í brekkurótunum.“.

Ef snjóflóðið veldur einhverju tjóni á mannvirkjum eða gróðri, skal þess getið í grófum dráttum.

Ef hægt er skal áætla gróflega stærð flóðsins með því að geta um breidd snjóflóðatungunnar og meðalþykkt hennar. Sökum óreglulegrar lögunar snjóflóða verða tölur þessar aldrei nákvæmar, en gróft mat á þeim gefur þó ágætis mynd af stærð flóðsins og umfangi.

Ef meira er vitað um snjóflóðið má bæta við frekari upplýsingum aftan á eyðublaðið - og ef til eru ljósmyndir af snjóflóðinu er slíkt alltaf fróðlegt. Athugið að oft er hentugt að skýra veikar útlínur snjóflóða á ljósmyndum með penna (teikna á myndina). Heppilegt er að skrá upplýsingar um myndirnar á bakhlið þeirra.

Skriðuföll

Lýsa skal hver og hvenær skriðuföll hafa orðið og hvers eðlis þau voru, t.d. hvort um aurskriðu, grjóthrun eða berghlaup var að ræða. Lýsa skal upptökum, breidd og mestu skriðlengd, bleytustigi, hugsanlegum ástæðum og tjóni eftir því sem tók eru á.

Hafís

Hafa skal eftirfarandi atriði í huga þegar hafís er lýst:

1. Hvernig ísnum er háttað, hvort heldur: Jakastangl, íshroði, þéttur íshroði, hafisspengur með vökum, þétt hafisbreiða, samfelld hafishella (hafþök) o.s.frv. Ef borgarís er innan um má geta þess sérstaklega, en sjáist eingöngu borgarísjakar, skal það tekið skýrt fram og helst, hve margir þeir eru.
2. Hve stórt svæði ísinn nær yfir, hvort hann er landfastur og þá hvar. Ef hann er fjær landi, hvar hann er næst því og hvað er á að giska langt út að honum. Hvar eru takmörk hans meðfram landinu og hve langt nær hann inn á firði. Ef sést út fyrir hann, skal þess getið, hve utarlega (langt frá landi) ytri brún hans er.
3. Hve mikil hreyfing er á ísnum og í hvaða átt hann virðist reka (t.d. að landi, frá landi, til austurs, suðausturs, vesturs o.s.frv.).
4. Hvenær menn urðu íssins fyrst varir og úr hvaða átt hann kom, og ef ísinn hverfur burtu, hvenær hann fór og hvert. Í símskeytum skal þess sérstaklega getið, hvort skipum sé fært í gegnum ísinn eða milli lands og íss og hvort þau komist út fyrir ísinn. Þess skal einnig getið ef ísfregnin er byggð á sögusögn sem athugunarmaður getur ekki vitað hvort er rétt eða ekki.

Eldgos

Jafnskjótt og vart verður einhverra þeirra einkenna, sem benda mjög í þá átt, að eldur muni vera uppi, skal það tilkynnt Veðurstofunni. Til slíkra einkenna má einkum telja: Gosmökk, (öskumökk, gufumökk), eldbjarma, öskufall, dynki, goslykt (brennisteinsfýlu).

Þessi atriði skulu einkum athuguð og tilgreind í símfregnum:

1. Hvenær fyrst varð vart við gosið og hvernig það lýsir sér.
2. Í hvaða stefnu virðast gosstöðvarnar miðað við réttar áttir eða fjallasýn frá tilteknum stað.
3. Ef öskufall verður skal tilgreint hvenær það byrjar, hvenær það er mest og hvenær það hættir. Einnig breytingar á grófleika og lit öskunnar eftir ástæðum. Er jafnframt gott að tilgreina skyggni, eða hve langt sést frá sér í m eða km.
4. Loks eru almennar fregnir um eldgosíð og áhrif þess í byggð, t.d. hraunstrauma, jökulhlaup, veikindi í skepnum, skemmdir á högum o.s.frv.

Meðan á gosinu stendur, er nauðsynlegt að halda nákvæma dagbók um allt er því við kemur. Fyrst og fremst það sem maður sjálfur getur athugað og í öðru lagi það sem fréttist úr grenndinni, en jafnan skyldi þess getið ef farið er eftir sögusögn annarra og eins, hvort hún er áreiðanleg eða vafasöm.

Nauðsynlegt er að gera nákvæmar mælingar á öskufalli, ef þess verður vart og æskilegt að hafa standandi úti djúpan disk eða grunnan bakka (flatbotnaðan), ekki síst að nóttunni til að tryggja það að öskufall verði eigi án þess að mælingum sé við komið. Ílátið, sem öskunni er safnað í þarf að standa með lárétt opið og ef vindur er svo mikill að hætta sé á því að askan fjúki upp úr því er vissara að setja það niður í opinn kassa þó má kassinn ekki vera djúpur nema sett sé undir ílátið svo að op þess sé litlu lægra en op kassans. Ílátið má og setja í hlé við hús eða í tóftarbrot en þó svo fjarri húsveggjum að þeir hamli því eigi að askan safnist fullum mæli í safnílátið.

Allri öskunni, sem safnast í ílátið skal halda til skila því að áriðandi er að ekkert af henni glatist og sérstaklega er áriðandi að ekkert af öskunni verði eftir í ílátinu og blandist saman við næsta öskufall. Þá ösku sem fellur í hvert sinn þarf því að geyma út af fyrir sig.

Sé askan þurr má setja hana í hreinan plastpoka, þrýsta loftinu varlega úr pokanum og loka tryggilega (með hnút, þéttu fyrirbandi eða uppábroti) eða í hreint ílát með þéttu loki (krukku, plastflösku). Hafi askan fallið með úrkomu er best að setja ösku og allt vatnið í hreint ílát með þéttu loki. Ösku sem er svo smágerð og í svo litlu magni að erfitt er að ná henni af diskum eða bakka má skola af með vatni og setja ásamt öllu vatninu í hreint ílát með þéttu loki. Hafi askan fallið áður en mælingu varð komið við eða ef söfnun í ílát er ekki talin gefa réttar upplýsingar má taka sýni af mældum fleti á sléttu, hörðu undirlagi (t.d gangstétt eða bílpaki) sé þess kostur eða af snjó og hreinsa sem best af fletinu. Stærð flatarins fer eftir þykkt öskunnar (t.d 20 x 20 cm eða 100 x 100 cm).

Merkja þarf hvert sýni eins og lýst er hér á eftir. Öruggst er að setja annan plastpoka utan um umbúðirnar og loka tryggilega.

Ösku sem safnast í úrkomumæla, ásamt úrkomunni sem var í mælinum með henni skal einnig halda til skila. Best er að hella hvoru tveggja í hreina plastfötu með skrúfuðum plasttappa. Merkja þarf hvert sýni eins og lýst er hér á eftir.

Það sem mæla þarf, er þetta:

1. Þvermál disksins að ofan eða bakkans í sentimetrum eða (heldur) millimetrum. Þessi mæling nægir til að reikna út flatarmál opsins, ef það er kringlótt, en ef opið er ferhyrnt, þá verður að mæla lengd þess og breidd.
2. Tímenn, sem öskufallið hefur varað í hvert sinn. Tilgreina þarf hvenær öskufallið byrjaði og hvenær það hætti, helst upp á mínútu, en annars með þeirri nákvæmni sem hægt er.
3. Merkja þarf greinilega hvert safn af ösku og skrifa á það tímenn sem söfnunin tók.

Ef aska sest í skafla er fróðlegt að mæla dýpt þeirra eða meðaldýpt öskulagsins þar sem það er jafnfallið. En gæta skal þá þess að mæla þar sem jörð er slétt og helst graslaus og hörð. Jafnan skal skrifa í dagbókina allar breytingar á vindstöðu og veðurhæð meðan öskufallið stendur yfir. Sömuleiðis far á skýjum. Stefnan til gosstöðvanna ef öskumökkur eða eldflug sést skal athuguð daglega, tekin svo glögg mið sem unnt er og jafnan skrifað hjá sér ef einhver stefnubreyting virðist hafa orðið. Hæð á eldstólpa eða gosmekki má mæla á þann hátt ef ekki eru betri tæki fyrir hendi að halda sentimetramælistiku lóðréttri í útréttum armi svo að neðsta merki sé í hæð við augað og athuga svo hve mörgum sentimetrum ofar toppinn á eldmekkinum ber í mælikvarðann. Rétt er þá að mæla með sömu aðferð hæð fjalla sem sjást frá sama stað og tilgreina þá mælingu líka svo að samanburður fáiist.

Jarðskjálftar

Þegar jarðskjálfta verður vart er einkum áriðandi að gæta nákvæmlega að klukkunni og bera hana saman við símaklukku eða útvarp við fyrsta tækifæri svo að unnt sé að tilgreina réttan byrjunartíma. Þá skal og tilgreint hve margir kippir finnast, ef fleiri eru en einn, byrjunartíma hvers þeirra, hve margar sekúndur þeir stóðu yfir (ef hægt er) og loks á hvaða stigi þeir voru eftir töflunni sem hér fer á eftir:

1. **stig:** Jarðskjálftinn finnst ekki en hans verður vart á mælitækjum.
2. **stig:** Fáir finna jarðskjálftann og aðeins þeir, sem liggja vakandi á stöðum þar sem fullkomin kyrrð er.
3. **stig:** Flestir sem sitja um kyrrt verða jarðskjálftans varir sérstaklega á efri hæðum húsa en mörgum kemur ekki jarðskjálfti í hug. Titringur líkt og þegar bíll ekur framhjá. Hægt að meta tímenn sem hræringin varir.
4. **stig:** Að degi til verða flestir sem innanhúss eru jarðskjálftans varir en fáir sem staddir eru úti. Að nóttu til vakna sumir við hræringuna. Hreyfing sést á ýmsum hlutum,

t.d. opnum hurðum eða gluggum, ljósakrónum o.s.frv. Hriktir í timburhúsum. Líkist því, að þungur bíll rekist á húsið.

- 5. stig:** Næstum allir finna jarðskjálftann, margir vakna. Diskar og gluggarúður geta brotnað og óstöðugir hlutir velta um koll. Tré og háar stengur sjást stundum hreyfast. Pendúlklukkur geta stansað.
- 6. stig:** Allir finna jarðskjálftann og margir verða skelkaðir og hlaupa út úr húsum. Þung húsgögn geta hreyfst úr stað. Einstaka sinnum springur múrhúðun af veggjum, og reykháfar geta skemmst. Lítið tjón.
- 7. stig:** Allir flýja út úr húsum. Mjög lítið tjón á velbyggðum húsum. Talsverðar skemmdir á illa byggðum húsum. Finnst af fólki, sem ekur í bíl.
- 8. stig:** Litlar skemmdir á best gerðum húsum, talsverðar á venjulegum byggingum og miklar á illa gerðum húsum. Reykháfar, súlur, myndastyttur o.þ.u.l. velta eða hrynja. Þung húsgögn velta. Truflar akstur.
- 9. stig:** Talsverðar eða miklar skemmdir á öllum byggingum og sum hús hrynja til grunna. Jarðleiðslur slitna.
- 10.–12. stig:** Mjög miklar skemmdir á öllum mannvirkjum.

Það sem þá einkum kemur til greina í tilkynningum um jarðskjálfta eru atriði þau sem nú skulu talin. Er æskilegt að **skrifa þetta jafnharðan** hjá sér og eftir því er tekið en treysta aldrei of mikið á minnið.

1. Hvað rétt klukka var er kippisins (eða fyrsta, ananrs, þriðja kippis) varð vart og hve lengi hann (eða hver um sig) stóð yfir.
2. Úr hvaða átt skjálftinn virtist koma.
3. Hve sterkur hann var (tilgreinið töluna eftir leiðbeiningunum).
4. Hvort dynkir heyrðust á undan eða samfara jarðskjálftanum og úr hvaða átt dynkirnir virtust koma.
5. Skemmdir og önnur verksummerki eftir skjálftann (sprungur, skriður, húshrun, breytingar á uppsprettum, hverum og laugum o.s.frv.).

Jarðskjálftafregn gæti litið þannig út:

„Í dag 15. janúar kl. 16.34, kippur í 10 sek., úr norðaustri, 5 stig, dynkir samfara, engar skemmdir. Annar kippur 17.02, stuttur, áttin óviss, 4 stig“.

Allar slíkar upplýsingar um jarðskjálfta skal jarðharðan skrá í athugasemdadálk skýrslueyðublaðs.

Rétt er að geta þess að Veðurstofna mun greiða útlagðan kostnað vegna fregna og upplýsingaöflunar um snjóflóð, skriðuföll, jarðskjálfta, hafis og eldgos samkvæmt reikningi.

Númer: _____
(Útfyllist af Veðustofunni)

Veðurstofa Íslands
Snjóflóðavarnir

Tilkynning um snjóflóð

Nafn og kennitala þess sem fyllir út tilkynninguna:

Jón Gunnar Egilsson 160960-2219

Nafn, og heimilisfang (eða kennitala) þess sem lét vita af flóðinu
(ef annar er skrásetjari):

Leifur Órn Svavarsson, Hörpugötu 7, 101 Rvík

Staðsetning snjóflóðsins (sýsla - hreppur - fjall - fjallshlíð/gil):

Arnessýsla - "Ólfushreppur - Störimeitill -
hlíðarnar við veginn um Þrengslí Mörgflót

Tímasetning snjóflóðsins (með þeirri nákvæmni sem þekkt er):

Ár: 1999 Dags: 1.-4. janúar Klukka: _____

Lenti einhver í flóðinu? Nei Ef já - hve margir? _____

Hvar stöðvaðist flóðið? (t.d. fjarlægð frá húsi, vegi, raflínu, eða árfarvegi):

Flóðin stöðvaðust í brekkurótunum

Tjón af völdum flóðsins: Ekkert

mismunandi, 30-100

Áætluð breidd flóðtungu: ↑ m Áætluð meðalþykkt flóðtungu: ~1 m

Athugið að einnig er hægt að skrifa frekari upplýsingar á bakhlið eyðublaðsins.

Vinsamlegast komið útfylltri tilkynningu sem fyrst til
Veðurstofunnar

(Útfyllist af Veðustofunni)

Skýrsla móttekin dags: _____

Færslu lokið dags: _____

Mánaðarskýrsla úrkomustöðva

Nafn úrkomustöðvar: SÓLAKURMánuður: JANÚAR Ár: 2000

800-5775 56#

Dags.	Stöð	Úrkomumagn	Úrkomuteg.	Snjódýpt	Snjöhula		
					B	F	SK
1.	997	# 9998	#	# 005	# 4	# 9	# X
2.	997	# 0023	# 7	# 012	# 4	# 9	# X
3.	997	# 9998	#	# 012	# 4	# 9	# X
4.	997	# 9998	# 7	# 014	# 4	# 9	# X
5.	997	# 9998	#	# 010	# 4	# 9	# X
6.	997	# 0045	# 73	# 012	# 4	# 9	# X
7.	997	# 9998	#	# 012	# 4	# 9	# X
8.	997	# 9998	#	# 010	# 4	# 9	# X
9.	997	# 9998	#	# 006	# 4	# 9	# X
10.	997	# 9998	#	# 006	# 4	# 9	# X
11.	997	# 0042	# 0	# 006	# 4	# 9	# X
12.	997	# 0676	# 067	# 006	# 4	# 9	# X
13.	997	# 0122	# 69	# 004	# 4	# 9	# X
14.	997	# 0068	# 06	# 002	# 4	# 9	# X
15.	997	# 9998	#	# 002	# 4	# 9	# X
16.	997	# 0018	# 73	# 003	# 4	# 9	# X
17.	997	# 9998	#	# 003	# 3	# 9	# X
18.	997	# 9998	#	# 003	# 3	# 9	# X
19.	997	# 9998	#	# 003	# 3	# 9	# X
20.	997	# 0061	# 64	# 002	# 3	# 9	# X
21.	997	# 0498	# 6	# 000	# 1	# 7	# X
22.	997	# 0120	# 6	# 000	# 0	# 7	# X
23.	997	# 0149	# 6	# 000	# 0	# 7	# X
24.	997	# 9998	#	# 000	# 0	# 8	# X
25.	997	# 9998	#	# 000	# 0	# 8	# X
26.	997	# 9998	#	# 000	# 0	# 8	# X
27.	997	# 0065	# 64	# 000	# 0	# 9	# X
28.	997	# 9998	#	# 000	# 0	# 9	# X
29.	997	# 9998	#	# 000	# 0	# 9	# X
30.	997	# 9998	#	# 000	# 0	# 9	# X
31.	997	# 0612	# 6	# 000	# 0	# 8	# X
	Alls						

Úrkomumagn

Úrkoma er undantekningarlaust skráð á þann dag sem úrkomman er mæld, þótt hún hafi ef til vill að hluta eða öllu leyti fallið daginn áður. Aukastafir eru settur í aftasta dálk svæðisins (skyggða svæðið).

Úrkomumagn er skráð í tíunduhlutum mm. Dæmi:

0,1 mm	er skráður sem	01
0,5 mm	eru skráðir sem	05
1,0 mm	er skráður sem	10
5,0 mm	eru skráðir sem	50
17,6 mm	eru skráðir sem	176
123,4 mm	eru skráðir sem	1234

Ef úrkomu hefur orðið vart, en hún ekki mælanleg á að skrá 00.

Ef úrkomu hefur ekki orðið vart er talan 9998 skráð í úrkomumagn.

Ef úrkoma hefur ekki verið mæld er talan 9999 skráð í úrkomumagn.

Úrkomutegund / veður

Úrkomutegund á ætíð við tímabilið frá síðustu mælingu. Hægt er að skrá allt að 3 tegundir úrkomu/veðurs næstliðins sólarhrings í eina færslu. Oftast er tegundin aðeins ein. Ef hvorki hefur verið úrkoma, skafrenningur, þoka né þrumuveður er svæðið autt (# sleginn inn á símaborð). Til að lýsa úrkomutegund eða veðri er valið milli eftirtalinnna talna:

0	slydda
3	skafrenningur
4	þoka
5	úði
6	rigning
7	snjökoma
8	hagl
9	þrumuveður, leiftur eða rosaljós

Ef fleiri en 3 tegundir veðurs hafa komið fyrir á næstliðnum sólarhring skal þrumuveður hafa forgang á allt annað, en síðan í forgangs röð, snjökoma, rigning og slydda. Skafrennings, þoka, úða eða hagls skal því ekki getið ef forgangstölurnar fylla alla dálkana þrjá. Þoka er aðeins skráð hafi skyggni farið niður fyrir 1 km einhvern tíma á næstliðnum sólarhring.

Snjódýpt

Snjódýpt mælist alla daga sem alhvítt er. Snjódýpt er ætíð tilgreind í heilum cm.

Snjöhula færast í dálkana B (byggð) og F (fjöll um 600 m yfir sjó)

Byggð	Fjöll
0 alautt	5 alautt
2 flekkótt jörð	7 flekkótt
4 alhvítt	9 alhvítt

Heimilt er að nota tölurnar 1 og 3 fyrir snjöhulu í byggð telji athugunarmaður unnt að lýsa snjöhulu í fjórðungum.

Setja skal kross (x) í dálkinn SK ef athugun var send um símsvarann

Aðrar athuganir og athugasemdir

Hér skal lýsa tíðarfari mánaðarins í stuttu máli, gróðri og uppskeru, slysum eða skemmdum af völdum veðurs í nágrenninu. Ennfremur hafis, jarðskjálftum og öðrum fátíðum náttúrufrirbrigðum. Notið baksiðu blaðsins ef rými þrýtur.

Sjá bakliðit.

Skýrsla send þann 2.2. árið 2000

VEGILLA E. SONNEN FELD

(athugunarmaður)

Vinsamlega sendið mánaðarskýrsluna til Veðurstofunnar við fyrsta tekifæri eftir mánaðamót.

Athuganir skal gera sem næst kl. 9 að íslenskum staðaltíma.

Aðrar athuganir og athugasemdir

Hér skal lýsa tíðarfari mánaðarins í stuttu máli, gróðri og uppskeru, slysum eða skemmdum af völdum veðurs í nágrenninu. Ennfremur hafís, jarðskjálftum og öðrum fátíðum náttúrufyrrbrigðum.

Þessi mánuður var övunju góður
líðarfaralega síð. Allhvíll fyrstu
16 dagana en þá tók við
hlátekafli til mánaðamála.
Glibskjú sámsd þ. 9. og
rosaljó's þ. 13.

OFFSETJÓRITUN EHF